Kynning á niðurstöðum 1. ársfjórðungs 2022/23

Finnur Oddsson, forstjóri
Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

1. júlí 2022

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur

Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

1F 2022/23 (breyting frá 1F 2021/22)

38,2 ma.kr.
vörusala
▲ 19,3%

2,7 ma.kr.
EBITDA
▲ 17,1%

0,9 ma.kr.
hagnaður
▲ 27,4%

19,8%
framlegðarhlutfall
▼ 1,6%stig

13,3%
launa- og kostnaðarhlutfall
▼ 1,5%stig

40,2%
eiginfjárhlutfall
▼ 1,0%stig

Vörusala eykst um 19% á milli ára

- **Rekstur á fyrsta ársfjórðungi gekk vel**, með 19% veltuaukningu milli ára og heildarhagnaði 27% yfir fyrra ári
- **Seldum stykkjum** í dagvöruverslunum **fjölgar milli ára** og **heimsóknum viðskiptavina fjölgar** auk þess um rúm 10% á fjórðungnum - **magnaukning í eldsneytislítrum** á 1F er **rúm 17%**
- **Framlegð í krónum talið eykst um 10,4%** milli ára en **framlegðarhlutfallið lækkar** um 1,6%-stig, einkum **vegna aukinnar sölu eldsneytis til stórnotenda** og **hækkunar á heimsmarkaðsverði**
- Eftirstöðva COVID-19 og **stríðsátök í Úkraínu hafa leitt til hækkandi aðfangaverðs** og aukið líkur á vöruskorti einstaka vöruflokka
- Gróska í nýsköpun í matvælaiðnaði – **12 verkefni fengu styrk úr Uppsprettunni**, nýsköpunarsjóði Haga
- Í mars 2022 var gengið frá samningum um **kaup Haga á öllu hlutfé í Eldum rétt ehf.** - kaupin eru háð samþykki SE
- Í júní 2022 **undirrituðu Hagar sátt við Samkeppniseftirlitið** vegna **kaupa félagsins á nýju hlutafé í Klasa ehf.**

BÓNUS

HAGKAUP

olís

AÐFÖNG

Dananar

STÓRKAUP

mjöll frigg

ZARA

Verslanir og vöruhús: Veltuaukning og fjölgun heimsókna

Rekstrarreikningur 1F 2022/23 (m.kr.)

- **Tekjur** af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum **jukust um rúm 5% á milli ára og námu 24,8 ma. kr. - EBITDA** var tæplega **1,9 ma. kr. (7,5%)**
- **Samanburður við 1F 2021/22 litast töluvert af aflagðri/seldri starfsemi**, en Hagkaup Selfossi og Bónus Korputorgi var **lokað**, og Útilíf og Reykjavíkur Apótek **selt**, í millitíðinni – **vöxtur undirliggjandi starfsemi því í raun meiri**
- **Seldum stykkjum** í dagvöruverslunum **fjölgar milli ára** og **heimsóknum viðskiptavina fjölgar um rúm 10%** á fjórðungnum
- **Aukið samstarf í rekstri Aðfanga og Banana** gengur vel og skapar hagræði til lengri tíma
- Áfram **tekjuvöxtur hjá ZARA** og **Stórkaup** fer vel af stað

	1F '22/23	1F '21/22	Δ	%Δ
Tekjur	24.788	23.512	1.276	+5,4%
Rekstrargjöld	-22.920	-21.529	-1.391	+6,5%
EBITDA	**1.868**	**1.983**	**-115**	**-5,8%**
EBITDA-hlutfall	*7,5%*	*8,4%*	*-0,9%*	-10,6%
EBIT	**1.060**	**1.192**	**-132**	**-11,1%**
EBIT-hlutfall	*4,3%*	*5,1%*	*-0,8%*	-15,7%

Bónus: Lengri opnunartími skilar fjölgun heimsókna og aukinni sölu

- **Vörusala á 1F nam rúmlega 17,3 ma. kr.** og jókst um 9% frá fyrra ári
- **Lengri afgreiðslutími** verslana Bónus mælist vel fyrir og **skilar áfram fjölgun viðskiptavina og aukinni sölu**
- **Glæsileg verslun Bónus opnaði í maí á Norðurtorgi á Akureyri** - Norðurtorg er nýr öflugur verslunarkjarni sem **þjónar Akureyri og nærsveitum**, og **fólki á ferð um landið**
- **Bónus opnar nýja og glæsilega verslun í Norðlingaholti** um mitt ár 2023
- **Bónus oftast með lægsta verð** skv. síðustu könnun ASÍ, og því sem fyrr hagkvæmasta innkaupakarfan

BÓNUS

Hagkaup: Spennandi þróun í raun- og netheimum

- **Vörusala á 1F nam rúmlega 5,5 ma. kr.** og var svipuð og á sama tíma í fyrra
- Ánægjulegt að sjá að **umfang viðskipta er svipað og á síðasta ári, þrátt fyrir að landsmanna hafi lagt land undir fót** á fjórðungnum
- **Áframhaldandi vinna næstu mánuði í kringum vörumerkið og þjónustuframboð** – innleiðing í verslunum fer fljótlega af stað
- **Frekari þróun á glæsilegri netverslun Hagkaups** komin í gang, en **leikföng munu bætast við á haustmánuðum**
- **Sælkerabúðin mun opna kjötborð í Hagkaup Garðabæ og Kringlunni** undir lok sumars – frábær viðbót fyrir viðskiptavini
- **Lemon opnar nýjan sölustað í Hagkaup í Garðabæ** á næstu vikum

HAGKAUP

Olís: Töluverð magnaukning á milli ára

Rekstrarreikningur 1F 2022/23 (m.kr.)

- **Vörusala á 1F nam 13,9 ma. kr.** og jókst um 58% á milli ára - **EBITDA nam 800 m.kr.** (5,8%) og hækkar um rúmlega 500 m.kr. frá fyrra ári
- Töluverð **aukning í seldum eldsneytislítrum** á milli ára, eða rúmlega 17% – hlutfallslega meiri aukning hjá **stórnotendum**
- **Framlegð í smásölu í kringum væntingar**, en **yfir áætlun hjá stórnotendum** – afkoma fjórðungsins litast einnig töluvert af **jákvæðum einskiptisliðum**, en tvær lóðir voru seldar á tímabilinu
- **Hagræðingaraðgerðir** sem ráðist var í á smásölusviði og fyrirtækjasviði **skila lægri rekstrarkostnaði** – áframhaldandi umbreytingar framundan
- **Vöruflokkar tengdir rekstrar-, hreinlætis-, og heilbrigðisrekstrarvörum** voru **færðir yfir frá Olís og til Stórkaups** í maí með góðum árangri
- **Lemon opnaði nýlega á Gullinbrú**, og **„Lemon míní“ opnaði í Borgarnesi** á dögunum

	1F '22/23	1F '21/22	Δ	%Δ
Tekjur	13.876	8.762	5.114	+58,4%
Rekstrargjöld	-13.076	-8.467	-4.609	+54,4%
EBITDA	**800**	**295**	**505**	**+171,2%**
EBITDA-hlutfall	*5,8%*	*3,4%*	*+2,4%*	+71,2%
EBIT	**631**	**112**	**519**	**+463,4%**
EBIT-hlutfall	*4,5%*	*1,3%*	*+3,3%*	+255,8%

Klasi: Sátt undirrituð við SE vegna kaupa á hlutafé í Klasa ehf.

- **Þann 10. júní var sátt undirrituð á milli Haga og Samkeppniseftirlitsins** um skilyrði fyrir **kaupum Haga á hlutafé í Klasa ehf.**
- **Þau skilyrði sem Hagar skuldbinda sig til að hlíta** eru eftirfarandi:
  - ***Tilkynningarskylda Haga*** *til Samkeppniseftirlitsins* ***vegna samninga um kaup eða leigu Haga*** *á eignum undir dagvöruverslanir sem verða* ***þróaðar og byggðar undir stjórn Klasa eða Regins***
  - *Tilkynning skal berast Samkeppniseftirlitinu* ***innan fimm virkra daga*** *frá því að bindandi samningur kemst á milli aðila*
  - *Högum er* ***heimilt að óska eftir endurupptöku eða endurskoðun sáttarinnar*** *að þremur árum liðnum frá framkvæmd samrunans*
- **Samruninn kemur til framkvæmda á næstu vikum**, en gert er ráð fyrir að **fjárhagsleg áhrif viðskiptanna komi fram á 2. ársfjórðungi** 2022/23
- **Áætluð áhrif á EBITDA eru 940 m.kr.** og **750 m.kr. á hagnað eftir skatta**

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur

Góður ársfjórðungur að baki með veltuaukningu og afkomubata

Rekstrarreikningur 1F 2022/23 (m.kr.)

- **Vörusala 1F jókst** um 19,3% milli ára eða um 6,2 ma. kr.
- **Framlegð í krónum talið jókst,** einkum vegna aukinnar magnsölu eldsneytis til stórnotenda hjá Olís
- **Framlegðarhlutfall** lækkaði úr 21,4% í 19,8%
- **Launakostnaður hækkaði** um 5,9% milli ára og **rekstrarkostnaður hækkaði um 10,0%**, einkum vegna vinnu við uppfærslu vörumerkja, hækkun eldsneytis og vísitölutengds kostnaðar
- **Fjármagnsgjöld jukust** um 39,5% en nær helmingur langtímaskulda er **verðtryggður**
- Góður afkomubati þar sem **EBITDA jókst um 17,1% og hagnaður um 27,4% milli ára**

	1F '22/23	1F '21/22	Δ	%Δ
Vörusala	*38.213*	*32.034*	*6.179*	*+19,3%*
Framlegð	**7.564**	**6.849**	**715**	**+10,4%**
Aðrar rekstrartekjur	*202*	*184*	*18*	*+9,8%*
Laun og launatengd gjöld	*-3.443*	*-3.250*	*-193*	*+5,9%*
Annar rekstrarkostnaður	*-1.655*	*-1.505*	*-150*	*+10,0%*
EBITDA	**2.668**	**2.278**	**390**	**+17,1%**
Afskriftir	*-1.021*	*-1.005*	*-16*	*+1,6%*
Hrein fjármagnsgjöld	*-544*	*-390*	*-154*	*+39,5%*
Hagnaður	**926**	**727**	**199**	**+27,4%**

Kostnaðarhlutföll batna mikið milli tímabila

Lykilmælikvarðar rekstrar (3M 2018/19 – 3M 2022/23)

- **Áframhaldandi veltuaukning milli ára** - Olís orðið hluti af samstæðu Haga 2019/20
- **Framlegðarhlutfall** hefur farið lækkandi síðustu ár, m.a. vegna breyttrar samsetningar félagsins við samruna Olís og minnkandi sérvöruverslun
- **Launa- og kostnaðarhlutföll** halda áfram að batna en launahlutfallið hefur aldrei verið lægra
- Innleiðing **IFRS16 leigustaðals** skýrir breytingu á kostnaðar- og EBITDA hlutfalli rekstrarárið 2019/20
- **EBITDA hlutfall** 7,0% á 1F 22/23 og **hagnaðarhlutfall** 2,4%

Velta og framlegð





Rekstrar-kostnaður





Afkoma





Handbært fé hækkar á tímabilinu

Sjóðstreymisyfirlit 3M 2022/23 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** á tímabilinu nam 2,0 ma. kr. og lækkaði í samanburði við fyrra ár um 537 m.kr.
- **Lækkun á handbæru** fé má m.a. rekja til hækkandi birgðastöðu þar sem **eldsneytisverð pr. líter hefur hækkað mikið** undanfarin misseri
- **Fjárfesting í áhöldum og innréttingum** nam 479 m.kr. á 1F sem er m.a. vegna opnunar nýrrar Bónusverslunar á Norðurtorgi á Akureyri og endurnýjun þjónustustöðva Olís
- **Handbært fé hækkaði** um 430 m.kr. á fjórðungnum og nam 1,2 ma. kr. í lok tímabils

	3M 2022/23	3M 2021/22	*Breyting*
Hagnaður tímabilsins	926	727	199
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	1.674	1.415	259
Veltufé frá rekstri	**2.600**	**2.142**	**458**
Rekstrartengdar eignir	-1.600	-652	-948
Rekstrartengdar skuldir	1.459	1.470	-11
Greiddir vextir og skattar	-489	-453	-36
Handbært fé frá rekstri	**1.970**	**2.507**	**-537**
Fjárfestingarhreyfingar	-504	-438	-66
Fjármögnunarhreyfingar	-1.036	-1.126	90
Breyting á handbæru fé	**430**	**943**	**-513**
Handbært fé í lok tímabils	**1.213**	**1.331**	**-118**

Sterkur efnahagur samstæðunnar

Efnahagsreikningur 31. maí 2022 (m.kr.)

- **Fastafjármunir hækkuðu** um 475 m.kr. frá árslokum 2021/22
- **Veltufjármunir**, að meðtöldum eignum til sölu, **hækkuðu** um 1,9 ma. kr. frá árslokum 2021/22
- **Birgðir hækkuðu** um 1,5 ma. kr. frá árslokum 2021/22 vegna hærra birgðaverðmætis í eldsneyti og meiri umsvifa - **veltuhraði birgða** 10,6 í samanburði við 11,2 á fyrra ári
- **Innheimtutími krafna** er nú 11,5 dagar samanborið við 10,8 daga í fyrra
- **Eigið fé** nam 27,2 ma. kr. í lok tímabils og átti félagið 21,6 millj. **eigin hluti** í lok 1F
- **Viðskiptaskuldir hækka** vegna aukinnar veltu og aukins birgðaverðmætis

	31. 5. 2022	28. 2. 2022	%Δ
Rekstrarfjármunir	21.180	21.215	*-0%*
Óefnislegar eignir	10.776	10.723	*+0%*
Aðrir fastafjármunir	13.583	13.126	*+3%*
Fastafjármunir	45.539	45.064	*+1%*
Eignir til sölu	2.388	2.388	-
Vörubirgðir	12.235	10.707	*+14%*
Viðskiptakröfur	6.209	6.250	*-1%*
Handbært fé	1.213	783	*+55%*
Veltufjármunir	22.045	20.128	*+10%*
Samtals eignir	**67.584**	**65.192**	***+4%***
Skuldir og eigið fé	**67.584**	**65.192**	***+4%***

	31. 5. 2022	28. 2. 2022	%Δ
Vaxtaberandi	11.789	11.720	*+1%*
Leiguskuldir	7.250	6.918	*+5%*
Tekjuskattur	2.657	2.312	*+15%*
Langtímaskuldir	21.696	20.950	*+4%*
Vaxtaberandi	449	451	*-0%*
Leiguskuldir	2.067	1.966	*+5%*
Viðskiptaskuldir	15.377	14.329	*+7%*
Annað	843	770	*+9%*
Skammtímaskuldir	18.736	17.516	*+7%*
Samtals skuldir	**40.432**	**38.466**	***+5%***
Eigið fé	**27.152**	**26.726**	***+2%***

Aukin arðsemi eigin fjár undanfarin misseri

Lykilmælikvarðar efnahags (3M 2018/19 – 3M 2022/23)

- **Arðsemi eigin fjár 16,2%** síðastliðna 12 mánuði
- **Eiginfjárhlutfall** í lok 1F nam 40,2% samanborið við 41,2% í lok 1F fyrra árs
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 1F, að meðtöldum leiguskuldum, voru 20,3 ma. kr. eða 1,9 x EBITDA
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 1F, án leiguskulda, voru 1,0 x EBITDA
- **Veltufjárhlutfall** í lok 1F var 1,18 samanborið við 0,84 í lok 1F fyrra árs
- **Veltuhraði í rekstri** var 14,2 dagar samanborið við 9,6 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 2,2 í lok 1F til samanburðar við 1,9 í lok 1F fyrra árs

Ávöxtun hluthafa

Arðsemi eigin fjár (%)



Eiginfjárhlutfall (%)



Áhætta í rekstri

Skuldahlutfall[1]



Veltufjárhlutfall[2]



Skilvirkni eigna

Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)[3]



Veltuhraði eigna[4]



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur

Gengi og stærstu hluthafar



Stærstu hluthafar, *eignarhlutur við lok 31.05.2022*

1.	Gildi - lífeyrissjóður	18,7%
2.	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,1%
3.	Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,2%
4.	Birta lífeyrissjóður	8,0%
5.	Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	6,5%
6.	Stapi lífeyrissjóður	4,5%
7.	Samherji hf.	4,4%
8.	Festa - lífeyrissjóður	4,1%
9.	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,9%
10.	Íslensk verðbréf - safnreikningur	2,6%

Heimild: NASDAQ OMX (28. júní 2022)

Hagnaður á hlut hefur þokast upp á síðustu misserum

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut hefur þokast upp** á síðustu misserum, og er uppsafnaður hagnaður nú **3,67 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði
- **Ávinningur fyrstu aðgerða** sem tengjast stefnumótunarvinnu og hagræðingu hefur **raungerst síðustu fjórðunga**
- Áframhaldandi fókus á **verkefni sem hafa áhrif á rekstur til skemmri tíma,** en einnig á **stærri verkefni sem hafa áhrif til millilangs og lengri tíma**



Staða og horfur

- **Áhrif vegna COVID-19 á rekstur samstæðunnar hafa minnkað**, en ferðalög landsmanna hafa aukist og erlendum ferðamönnum á Íslandi fjölgað
- **Hnökrar í aðfangakeðjunni**, vegna **eftirstöðva farsóttar** og **stríðsátaka í Úkraínu,** hafa leitt til **hækkandi aðfangaverðs** og aukið líkur á vöruskorti einstaka vöruflokka – áfram **órói á heimsmarkaðsverði á olíu**
- Hagar leita allra leiða til að **tryggja viðskiptavinum vörur og þjónustu á sem hagkvæmustu verði**
- **Horfur í rekstri Haga eru góðar** - fjárhagsleg staða er sterk og félagið vel í stakk búið að fylgja eftir breyttum áherslum í rekstri og tengdum verkefnum
- **Nýlega uppfærð afkomuspá** stjórnenda fyrir rekstrarárið 2022/23 gerir ráð fyrir að **EBITDA** verði á bilinu **10.200-10.700 m.kr.,** án áhrifa vegna viðskipta með Klasa
- Stjórn Haga hefur samþykkt **endurkaupaáætlun að fjárhæð 500 m.kr.**



hagar

Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

hagar